

Mat á sérfræðialiti eftir kyni sérfræðings: Tilraun meðal almennings á Íslandi

Ásdís A. Arnalds, lektor við Háskóla Íslands

Ingólfur V. Gíslason, prófessor við Háskóla Íslands

ÚTDRÁTTUR: Markmið þessarar rannsóknar var að kanna hvort Íslendingar hafi tilhneigingu til að meta sérfræðialit á grundvelli kyns sérfræðings en margar erlendar rannsóknir hafa sýnt tilhneigingu til að meta sérfræðialit kvenna veigaminna en sérfræðialit karla. Í rannsókninni er tilraunasnið nýtt til að meta hvort viðhorf fólks á Íslandi til sérfræðinga sé ólíkt eftir því hvort sérfræðingurinn er karl eða kona. Könnun var lögð fyrir úrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar og réði tilviljun því hvort kyn sérfræðings, sem þátttakendur voru beðnir að meta, var karl eða kona. Þátttakendur lásu viðtal við „sérfræðinga“ og voru í framhaldi beðnir að meta hæfi sérfræðingsins og lýsa viðhorfum sínum til málefna sem sérfræðingurinn fjallaði um í viðtalinu. Niðurstöður benda til lítillar tilhneigingar til að meta sérfræðialit á grundvelli kyns. Enginn munur var á mati á hæfni karlkyns og kvenkyns barnalæknis og fjármálaráðgjafa sem líklega stafar af því að Íslendingar eru orðnir vanir því að sérfræðingar á þessum sviðum geti verið konur ekki síður en karlar. Viðhorf til málefna sem fjármálaráðgjafinn fjallaði um í viðtalinu voru þó misjöfn eftir kyni fjármálaráðgjafans og benda niðurstöður til að fólk taki meira mark á konum en körlum í umfjöllun um fjármál sem er andstætt því sem búist var við.

LYKILORD: Sérfræðistörf – Kynbundið mat – Hæfni – Sannfæringarkraftur

ABSTRACT: The aim of this study was to examine Icelanders' tendency to evaluate expert opinion on the basis of the expert's gender, as many international studies report a tendency to evaluate women's expert opinion as less important than men's expert opinion. In this study, an experimental design was used to assess whether this tendency exists in Iceland. A survey was administered to a sample from the Social Science Research Institute's online panel where the gender of the expert, whom the participants were asked to rate,

was randomly assigned (male or female). Participants read an interview with an “expert” and were then asked to rate the expert’s qualifications and express their opinions on matters that the experts discussed in the interview. The results indicate a slight tendency to evaluate expert opinion on the basis of gender. There were no differences in ratings of the qualification of a pediatrician and a financial consultant depending on the expert’s gender, which is probably due to Icelanders having become as accustomed to female experts as male experts. However, opinions towards matters discussed by the financial consultant were affected by the consultant’s gender, as female consultants were found to be more persuasive, contrary to what was expected.

KEYWORDS: Experts – Gendered assessment – Competence – Persuasiveness

Inngangur

Þrátt fyrir að Ísland þyki standa framar flestum öðrum löndum á sviði jafnréttismála, er íslenskur vinnumarkaður mjög kynskiptur og mæður bera fremur ábyrgð á umönnun ungra barna en feður. Opinberar tölur sýna að karlmenn eru í miklum meirihluta starfsfólks í sjávarútvegi og byggingaríðnaði en konur sinna oftast störfum við menntun, hjúkrun og umönnun (Stjórnarráðið, 2022). Enn fremur sýndi íslensk rannsókn að ungar konur voru mun frekar á þeirri skoðun en karlar að umönnunarstörf, á borð við hjúkrunarfræðing og grunnskólakennara, væru virðingarverð (Vilhjálmssdóttir, 2008). Kynbundið starfsval bendir til að enn virðist eima eftir af gamalgrónum viðhorfum um hvaða störf þykja vera við hæfi karla og kvenna og að umönnunarábyrgð skuli frekar vera á herðum kvenna en karla. Slík gamalgróin viðhorf geta haft áhrif á mat fólks á hæfi karla og kvenna til að gegna hefðbundnum karla- og kvennastörfum.

Erlendar rannsóknir benda til þess að víða séu karlar í sérfræðinga- og ábyrgðarstöðum metnir hæfari en konur í svipuðum stöðum. Vísbendingar eru þó um að slíkur munur sé hverfandi á Norðurlöndunum, sem eiga langa sögu um að konur gegni þess háttar stöðum (Carlsson o.fl., 2020; Greve-Poulsen o.fl., 2021). Á hinn bóginn er lítið vitað um hvort almenningur á Íslandi meti hæfi og álit sérfræðinga ólíkt eftir því hvort um er að ræða karl eða konu. Markmið þeirrar rannsóknar sem hér er greint frá er að öðlast skilning á því hvernig fólk metur karlkyns og kvenkyns sérfræðinga á tveimur sviðum, annars vegar á sviði aðbúnaðar barna, sem sögulega séð hefur frekar verið svið kvenna og hins vegar á sviði fjármála, sem gjarnan hefur verið kennt við karla. Í anda kenningar um félagsleg hlutverk (e. *social role theory*) (Eagly og Karau, 2002) og kenningar um væntingar (e. *expectation theory*) (Berger o.fl., 1972; Correll og Ridgeway, 2003) má gera ráð fyrir því að álit sé metið á mismunandi hátt eftir því hvort einstaklingurinn sé af því kyni sem vanalegt er að gegni viðkomandi starfi eða af öðru kyni. Þá er jafnframt líklegt að mat á almennri hæfni einstaklings sé kynjað.

Í rannsókninni er tilraunasnið nýtt til að meta hvort viðhorf fólks á Íslandi til sérfræðinga sé ólíkt eftir því hvort sérfræðingurinn er karl eða kona. Könnun var lögð fyrir úrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar og réði tilviljun því hvort kyn sérfræðings, sem þátttakendur voru beðnir að meta, var karl eða kona. Í framhaldi voru þátttakendur beðnir að meta hæfi sérfræðingsins og svara spurningum um viðhorf sín til málefna sem sérfræðingurinn hafði fjallað um í viðtalinu. Markmiðið var að kanna hvort karlkyns sérfræðingar séu metnir hæfari á fjármálasviði en konur og hvort kvenkyns sérfræðingar séu metnir hæfari í umfjöllun um aðbúnað barna en karlar. Markmiðið var einnig að skoða hvort sérfræðingurinn hefði meiri sannfæringakraft ef viðkomandi var af því kyni sem vanalegt er að sjá fjalla um fjármál eða aðbúnað barna, með því að greina að hvaða leyti viðhorf þátttakenda samræmdust því sem sérfræðingurinn hélt fram í viðtalinu.

Samfélagslegar hugmyndir um hlutverk kynjanna

Í alþjóðlegum samanburði telst Ísland hafa náð langt í átt til jafnrar stöðu og jafnra möguleika karla og kvenna og hefur verið í fyrsta sæti í slíkum samanburði World Economic Forum allt frá 2009 (World Economic Forum, 2023). Þrátt fyrir gagnrýni, sem réttilega hefur áréttað takmarkanir slíks samanburðar (Einarsdóttir, 2020), er lítill vafi á að möguleikar karla og kvenna til að gegna fjölbreyttum störfum, launuðum og ólaunuðum, eru betri á Íslandi en víðast annars staðar. Stjórnvöld hafa gripið til ýmissa aðgerða til að ýta undir möguleika karla og kvenna til að halda inn á óhefðbundin svið og má þar nefna lagasetningu um kynjakvóta í stjórnun fyrirtækja þar sem fleiri en 50 starfsmenn starfa frá 2013 (sjá t.d. Auður Arna Arnardóttir og Þröstur Olaf Sigurjónsson, 2022) og lög um fæðingar- og foreldraorlof frá 2000 (sjá t.d. Ásdís A. Arnalds o.fl., 2021).

Þrátt fyrir þessar aðgerðir stjórnvalda eru karlar mun fleiri í stjórnnum íslenskra fyrirtækja en konur og breytingar hægar (Hagstofa Íslands, 2022). Margir bundu vonir við að kynjakvóti í stjórnnum fyrirtækja myndi hafa smitáhrif og auka hlut kvenna í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja (Jón Snorri Snorrason, 2012). Smitáhrif virðast þó ekki hafa komið fram og hlutur kvenna í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja er enn mjög rýr. Árið 2017 voru konur 22% framkvæmdastjóra starfandi fyrirtækja sem var svipað hlutfall og áratug fyrr (Hagstofa Íslands, e.d.). Skýringar má finna í karllægri fyrirtækjamenningu og tengslaneti í íslensku viðskiptalífi (Júlíusdóttir, 2019).

Jafnframt er það enn þannig að mæður taka almennt mun lengra fæðingarorlof en feður og þær eru líklegri til að draga úr launaðri vinnu eftir barnsburð til að brúa það bil sem víðast hvar fyrirfinnst frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskólar taka við börnum (sjá t.d. Arnalds og Duvander, 2023; Ingólfssdóttir og Gíslason, 2016). Kynbundin hlutverk birtast einnig í náms- og starfsvali sem valda því að íslenskur vinnumarkaður er mjög kynskiptur. Konur eru í miklum meirihluta starfsfólks í fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónustu en um 90% þeirra sem starfa í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, annars vegar og við fiskveiðar, hins vegar, eru karlar (Stjórnarráðið, 2022). Þá hafa fjármál og viðskipti löngum verið talin karllæg svið (Loftsdóttir, 2015). Til dæmis er verðbréfaeign kvenna mun minni en karla sem hefur meðal annars leitt til þess að Arion banki hefur hafið auglýsingaherferð í þeim tilgangi að hvetja konur til fjárfestinga (Arion banki, e.d.).

Félagsfræðilegar kenningar á borð við kenningu um félagsleg hlutverk (e. *social role theory*) (Eagly og Karau, 2002; Eagly og Wood, 2012) og kenningu um væntingar (e. *expectation theory*) (Berger o.fl., 1972; Correll og Ridgeway, 2003; Ridgeway, 2014) geta skýrt kynbundið eðli launaðra og ólaunaðra starfa. Samkvæmt kenningu um félagsleg hlutverk eru ákveðnir eiginleikar og hegðun talin vera dæmigerð fyrir hópa sem eru í tiltekinni félagslegri stöðu. Til dæmis er víða gert ráð fyrir því að konur séu umhyggjusamari en karlar því þær eru oftast í hlutverki umönnunaraðila. Þegar fólk verður þess vart að konur annast gjarnan börn og aldraða fer það að tengja ýmsa eiginleika við konur, eins og að telja þær búa yfir tilfinninganæmni, natni og hlýju. Þannig verða til staðalímyndir um eiginleika fólks í tilteknum hópi vegna þess að það sést oft gegna ákveðnum hlutverkum. Staðalímyndir móta síðan hugmyndir fólks um störf. Þegar Koenig og Eagly (2014) báðu fólk um að meta hvaða hugmyndir það hefði um framtíðarstarf ólíkra hópa, kom í ljós að matið byggði á staðalímyndum um eiginleika þeirra sem hópnum tilheyrir. Þátttakendur í rannsókninni töldu til dæmis samkynhneigða karla líklega til að starfa á sviði tísku og að fólk frá Mið austurlöndum væri líklegt til að starfa sem leigubílstjórar. Koenig og Eagly bentu jafnframt á að þrátt fyrir þróun í átt að auknu kynjajafnrétti veldust konur frekar í störf sem væru í samræmi við hugmyndir fólks um hlutverk kvenna, svo sem við umönnun og hjúkrun, sem ætti sinn þátt í að viðhalda staðalímyndum um eiginleika karla og kvenna sem aftur móta samfélagslegar hugmyndir um kynbundið eðli starfa.

Kenningin um væntingar á það sameiginlegt með kenningunni um félagsleg hlutverk að fjalla um hvernig staðalímyndir verða til en hin síðarnefnda beinir frekari sjónum að því hvernig staðalímyndir móta menningarlegar hugmyndir um hæfni fólks til að gegna ákveðnum störfum. Fólk hefur tilhneigingu til að líta svo á að yfirráð tiltekins hóps á ákveðnu sviði stafi af hæfni fólks innan hópsins. Þannig hafa ólík félagsleg hlutverk karla og kvenna áhrif á mat á hæfni þeirra. Slíkar hugmyndir

móta bæði væntingar fólks til sjálfs síns og annarra og skilyrða hegðun. Sögulega séð hafa til dæmis fáar konur verið í áhrifastöðum sem mótar hugmyndir um að konur séu ekki hæfar til að gegna slíkum stöðum sem aftur verður til þess að konur eru síður ráðnar í áhrifastöður og sækjast síður eftir þeim. Ólíkar væntingar til hæfni karla og kvenna verða þannig til að viðhalda kynjaójafnrétti í samfélaginu (Correll og Ridgeway, 2003; Ridgeway, 2014).

Í samræmi við þessar kenningar hafa rannsóknir sýnt fram á að ríkjandi hugmyndir um kynjað eðli starfa geta leitt til skekkju í mati á hæfi fólks til að gegna slíkum störfum (Larsen, 2006; Newmark 2018; Rich 2014; Ridgeway og England, 2007). Á þetta einnig við um störf sérfræðinga, en rannsóknir framkvæmdar með tilraunasniði hafa til dæmis sýnt að mat nemenda á gæðum kennslu á háskólastigi fer eftir kyni kennarans; gæði kennslu eru metin meiri ef karlkyns háskólakennari á í hlut (MacNell o.fl., 2015). Sömuleiðis hafa fræðigreinar í vísindatímaritum verið taldar vandaðri ef höfundur þeirra er talinn vera karl en ef viðkomandi er talinn vera kona (Knobloch-Westewick o.fl. 2013) og líkur á styrkveitingu til rannsókna eru meiri ef styrkumsóknin er rituð af karli en konu (Witteman o.fl., 2019). Þannig virðast menningarlegar hugmyndir um kynin hafa í för með sér að sérfræðipækkingu kvenna er síður treyst en karla, þrátt fyrir að konum hafi fjölgað í valda- og sérfræðingastörfum.

Ekki er óeðlilegt að í samfélagi þar sem óalgenget er að sjá konu í valdastöðu eða sem sérfræðing, sé ríkjandi sú menningarlega mynd að slíkar stöður séu ekki við kvenna hæfi. Þess vegna er mikilvægt að niðurstöður rannsókna séu túlkaðar út frá því hvar þær eiga sér stað. Norðurlöndin hafa langa reynslu af því að konur, ekki síður en karlar, hafi sérfræðipækkingu og sitji í valdastöðum og á undangengnum árum hafa birst niðurstöður tilrauna sem benda til þess að menningarlegar hugmyndir um karla og konur á Norðurlöndum séu með þeim hætti að konum sé, ekki síður en körlum, treyst sem sérfræðingum (Greve-Poulsen o.fl., 2021) og þær metnar ekki síður hæfari en karlar til að gegna ábyrgðarstöðum s.s. innan háskóla (Carlsson o.fl., 2020). Lítið er vitað um hvernig sérfræðingar eru metnir hérlandis, en þó benda óbirtar niðurstöður tilraunar Félagsvísindastofnunar á mati á ferilsskrám ekki til þess að við ráðningar halli á konur á Íslandi vegna kyns þeirra (Guðný Gústavsdóttir og Ævar Þórólfsson, 2022).

Í ljósi kynskipts vinnumarkaðar á Íslandi er mikilvægt að kanna hvort hæfni sérfræðinga sé metin á mismunandi hátt eftir því hvort skoðanir þeirra eru settar fram af einstaklingi af því kyni sem vanalegt er að sjá fjalla um slík mál eða af einstaklingi af öðru kyni. Sú rannsókn sem hér er fjallað um er upphafið að viðameiri könnun á stöðu menningarlegra hugmynda um karla og konur hérlandis.

Í ljósi þess að fyrri rannsóknir hafa sýnt að kynjað eðli starfa geti leitt til skekkju í mati á hæfni fólks til að gegna slíkum störfum voru settar fram eftirfarandi rannsóknartilgátur:

T1. Kvenkyns sérfræðingar sem fjalla um aðbúnað barna eru metnir hæfari en karlar.

T2. Karlkyns sérfræðingar á fjármálasviði eru metnir hæfari en konur.

Einnig var áhugi á að skoða hvort kyn skipti máli fyrir trúverðugleika sérfræðingsins, þannig að sérfræðingnum tækist að hafa áhrif á skoðanir fólks. Með öðrum orðum var ákveðið að greina hvort sérfræðingurinn hefði meiri sannfæringakraft ef hann var af því kyni sem vanalegt er að sjá í hlutverki sérfræðingsins. Í ljósi þessa markmiðs voru eftirfarandi tilgátur settar fram:

T3. Staðhæfingar kvenkyns sérfræðings sem fjallar um aðbúnað barna hafa meiri áhrif á viðhorf fólks en staðhæfingar karla. Fólk hefur meiri tilhneigingu til að vera á sama máli og sérfræðingurinn ef hann er kona.

T4. Staðhæfingar karlkyns sérfræðings á sviði fjármála hafa meiri áhrif á viðhorf fólks en staðhæfingar kvenna. Fólk hefur meiri tilhneigingu til að vera á sama máli og sérfræðingurinn ef hann er karl.

Aðferðir og gögn

Tilraunasniði (e. *survey experiment*) var beitt til að greina hvernig Íslendingar meta karla og konur sem sérfræðinga, annars vegar innan fjármálageirans og hins vegar á sviði aðbúnaðar barna. Um er að ræða tvær tilraunir þar sem slembival ræður því hvort sérfræðingurinn sé karl eða kona (e. *split ballot design*).

Þátttakendur

Niðurstöðurnar byggja á greiningu á gögnum sem var safnað meðal þátttakenda í netpanel Félagsvísindastofnunar. Í netpanelnum eru Íslendingar, 18 ára og eldri, sem í gegnum síma hafa samþykkt þátttöku í netkönnunum eftir að hafa verið valdir af handahófi úr Þjóðskrá Íslands. Tekið var 2.000 manna tilviljunarúrtak úr netpanelnum sem var lagskipt eftir kyni, aldri og búsetu. Einstaklingar í úrtakinu fengu sendan hlekk á könnunina í tölvupósti og svöruðu henni rafrænt. Gagna var aflað í maí 2023. Alls svöruðu 854 könnuninni sem samsvarar 42,8% svarhlutfalli. Ríflega helmingur svarenda var karlar, eða 52% ($n = 441$) og 48% svarenda voru konur ($n = 413$). Þátttakendur voru á aldrinum 19 til 91 árs og var meðalaldur 46,6 ár (staðalfrávik = 18,3 ár).

Áreiti

Í báðum tilraunum lásu þátttakendur viðtal við sérfræðing. Þátttakendur í tilrauninni um aðbúnað barna lásu viðtal við barnalækni og þátttakendur í tilrauninni um fjármál lásu viðtal við fjármálaráðgjafa. Slembival réði því að helmingur þátttakenda fékk viðtöl þar sem sérfræðingurinn var karlmaður, hinn helmingurinn fékk viðtöl þar sem kona er sérfræðingurinn. Að öðru leyti voru viðtölin eins. Kyn sérfræðingsins var gefið til kynna með nafni „Skúli Magnússon/Hildur Magnúsdóttir“ í tilrauninni um aðbúnað barna og „Guðmundur Árnason/Guðrún Árnadóttir“ í tilrauninni um fjármál.

Í tilrauninni voru þátttakendur beðnir um að lesa texta sem þeim var sagt að væri úr viðtölum í fjölmiðli. Í öðru viðtölinu fjallar „fjármálaráðgjafi“ um fjármál og þá sérstaklega um jákvæða afstöðu sína til verðtryggingar lána. Í hinu viðtölinu fjallar „barnalæknir“ um góðan aðbúnað barna sem skýra má með framúrskarandi heilbrigðisþjónustu og fæðingarorlofskerfi og um mikilvægi þess að ung börn fái aðra fæðu samhliða brjóstamjólk. Í þeim tilgangi að ýta undir að þátttakendur tækju afstöðu voru sérfræðingarnir látnir setja fram skýrar fullyrðingar um umdeild atriði, sem gætu mótað viðhorf svarenda, en sem gætu haft ólík áhrif eftir kyni sérfræðings. „Barnalæknirinn“ fullyrti að hérlandis skipti engu máli hvort börn fengju brjóstamjólk eða pela og „fjármálaráðgjafinn“ fullyrti að enginn vafi væri á að það borgaði sig fyrir lántakendur að taka verðtryggð lán. Viðtölin í heild sinni er að finna í viðauka.

Mælingar

Eftir að hafa lesið viðtölin voru þátttakendur beðnir um að meta greind, hæfni, áreiðanleika og þekkingu sérfræðingsins. Spurningarnar voru svohljóðandi:

- Hversu vel eða illa á orðið [greindur/greind] við um [ráðgjafann/lækninn]?
- Hversu vel eða illa á orðið [hæfur/hæf] við um [ráðgjafann/lækninn]?
- Hversu vel eða illa á orðið [trúverðugur/trúverðug] við um [ráðgjafann/lækninn]?
- Hversu vel eða illa á orðið [fróður/fróð] við um [ráðgjafann/lækninn]?

Svarmöguleikar voru á fimm punkta kvarða, frá mjög vel (5) yfir í mjög illa (1).

Útbúnir voru tveir heildarmælikvarðar með því að reikna meðaltal svara hvers þátttakanda við þessum spurningum. Mælikvarðarnir voru á bilinu 1 til 5, því hærra sem gildið var, því hæfari töldu svarendur sérfræðinginn vera. Annars vegar var um að ræða heildarmælikvarða á hæfni barna-

læknisins (Chronbach's $\alpha = 0,94$) og hins vegar heildarmælikvarða á hæfni fjármálaráðgjafans (Chronbach's $\alpha = 0,93$).


Til þess að meta hvort kyn sérfræðingsins hefði áhrif á viðhorf þátttakenda til fullyrðinga sem sérfræðingar héldu fram í viðtölunum voru þátttakendur spurðir út í viðhorf sín. Þátttakendur sem lásu viðtalið við karlkyns eða kvenkyns „barnalækni“ fengu tvær spurningar um viðhorf sín til málefna er tengjast ungbörnum. Þær voru hvort þátttakendur væru sammála eða ósammála því að ekki skipti máli hvort ungbörn fái pela eða brjóstagjöf og að vel væri hugsað um börn á Íslandi, en skoðanir um þetta birtust í viðtalinu við barnalækninn. Þátttakendur svöruðu afstöðu sinni á fimm punkta Likert kvarða frá mjög ósammála (1) til mjög sammála (5). Þátttakendur sem lásu viðtalið við „fjármálaráðgjafa“ voru spurðir tveggja spurninga um viðhorf til verðtryggingar lána. Þær voru hvort þátttakendur væru sammála eða ósammála því að banna ætti verðtryggingu lána á Íslandi og að verðtryggð lán verði alltaf dýrari en óverðtryggð þegar til lengri tíma er litið. Þátttakendur svöruðu afstöðu sinni á fimm punkta Likert kvarða frá mjög ósammála (1) til mjög sammála (5). Fjármálaráðgjafinn í viðtalinu var fylgjandi verðtryggingu lána og taldi þau vera hagstæðari en óverðtryggð lán. Tafla 1 birtir meðaltöl og staðalfrávik mælinganna sem notaðar voru í tilrauninni.

Tafla 1. Lýsandi tölfræði fyrir hæfni sérfræðinga, viðhorf til aðbúnaðar barna og viðhorf til fjármála

	<i>M (Sf)</i>	<i>Fjöldi</i>
Heildarmælikvarði á hæfni barnalæknis	3,53 (0,94)	334
Heildarmælikvarði á hæfni fjármálaráðgjafa	3,28 (0,85)	362
Ekki skiptir máli hvort ungbörn fái brjóstamjólk eða tilbúna mjólk úr pela fyrstu sex mánuðina	2,54 (1,27)	363
Almennt er vel hugsað um börn á Íslandi	4,04 (0,78)	360
Það ætti að banna verðtryggingu lána á Íslandi	3,13 (1,29)	362
Verðtryggð lán verða alltaf dýrari en óverðtryggð, þegar til lengri tíma er litið	3,54 (1,13)	357

Framkvæmd

Slembival réði því hvort þátttakendur tóku þátt í tilraun um aðbúnað barna eða tilraun um fjármál. Eftir að hafa lesið viðtalið við sérfræðinginn voru þátttakendur beðnir að meta hæfni viðkomandi og svöruðu einnig spurningum um viðhorf sín til þeirra þátta sem sérfræðingurinn fjallaði um í viðtalinu. Tilraunin metur því hvort einhverju breytir þegar kynið, sem gefið er til kynna með nafni, er í reynd það eina sem er ólíkt með fullyrðingum sérfræðinga. Mynd 1 lýsir framkvæmd tilraunarinnar.

Mynd 1. Framkvæmd tilraunar


Úrvinnsla gagna

Gögnin voru vigtuð eftir kyni og aldri til að leiðrétta fyrir mismunandi svarhlutfall eftir hópum. Kynjaskekkja í mati á hæfni sérfræðinga var greind með fjölbreytu dreifgreiningu (e. *multivariate analysis of variance*) og sama aðferð var notuð til að greina hvort kyn sérfræðings hefði áhrif á viðhorf til aðbúnaðar barna og fjármála. Greiningin fólst í því að meta hvort munur væri á meðaltali svara við spurningum um hæfni sérfræðingsins eftir kyni sérfræðingsins og hvort munur væri á meðaltali á viðhorfaspurningunum eftir kyni sérfræðingsins. Jafnframt var kannað hvort munur væri á afstöðu þátttakenda eftir kyni þess sem svaraði þegar stjórnað var fyrir aldri svarenda í árum, enda kunna viðhorf til þeirra þátta sem spurt var um að litast af aldri.


Niðurstöður

Áhrif kyns í viðtali á mat á hæfni sérfræðingsins

Niðurstöður fjölbreytu dreifgreiningar sýndu að megináhrif kyns barnalæknis á mat á hæfni voru ekki tölfræðilega marktæk ($F(1, 338)=1,133, p=0,288$) og hið sama átti við um megináhrif kyns svarenda ($F(1, 338)=0,088, p=0,766$). Tilgáta 1 um að kvenkyns sérfræðingar sem fjalla um aðbúnað barna séu metnir hæfari en karlar var ekki studd (sjá mynd 2). Kannað var hvort ómarktækt samband milli kyns sérfræðings og mats á hæfni hans mætti skýra með samvirkni kyns barnalæknis og kyns svarenda. Samvirkniáhrifin reyndust ekki tölfræðilega marktæk ($F(1, 338)=3,255, p=0,072$).

Mynd 2. Meðalmat á hæfni barnalæknis eftir kyni læknis og svaranda


Frumbreyturnar kyn fjármálaráðgjafans og kyn svarenda höfðu ekki tengsl við mat á hæfni fjármálaráðgjafans ($F(1, 365)=0,637$, $p=0,425$; $F(1, 365)=1,760$, $p=0,185$). Enn fremur leiddi greiningin ekki í ljós marktæka samvirkni kyns fjármálaráðgjafa og kyns svarenda ($F(1, 365)=1,881$, $p=0,171$) (sjá mynd 3). Tilgátu 2 um að karlkyns sérfræðingar á fjármálasviði séu metnir hæfari en konur var því hafnað.

Mynd 3. Meðalmat á hæfni fjármálaráðgjafans eftir kyni ráðgjafa og svaranda

Áhrif kyns í viðtali á viðhorf þátttakenda


Fyrri spurningin um viðhorf til málefna ungbarna var hvort það skipti máli hvort ungbörn fengju brjóst eða pela. Fjölbreytu dreifigreining leiddi í ljós að megináhrif kyns barnalæknis á viðhorf til næringar ungbarna voru ekki tölfræðilega marktæk ($F(1, 368)=0,533$, $p=0,466$) sem táknar að hafna beri tilgátu 3 um að staðhæfingar kvenkyns sérfræðings á sviði aðbúnaðar barna hafi meiri áhrif á viðhorf fólks en staðhæfingar karla. Þó reyndist vera tölfræðilega marktækur munur á viðhorfum til næringar ungbarna eftir kyni svarenda. Konur voru að meðaltali frekar á þeirri skoðun en karlar að það skipti ekki máli hvort börn væru á brjósti eða fengju pela ($F(1, 368)=13,734$, $p<0,001$) (sjá mynd 4). Greiningin leiddi ekki í ljós marktæka samvirkni kyns barnalæknis og kyns svarenda ($F(1, 368)=0,046$, $p=0,831$).

Mynd 4. Meðalskor eftir kyni ráðgjafa og svaranda: Ekki skiptir máli hvort ungbörn fái brjóstamjólk eða tilbúna mjólk úr pela



Síðari spurningin um viðhorf til aðbúnaðar barna var hvort almennt væri vel hugsað um börn á Íslandi. Niðurstöður fjölbreytu dreifigreiningar sýndu að megináhrif kyns barnalæknis á viðhorf voru ekki tölfræðilega marktæk ($F(1, 366)=3,380, p=0,067$) og ekki heldur megináhrif kyns svarenda ($F(1, 366)=1,450, p=0,229$). Þessar niðurstöður renna frekari stoðum undir að hafna beri tilgátu 3. Ómarktæk megináhrif voru þó vegna samvirkniáhrifa kyns barnalæknis og kyns svarenda á viðhorf til þess hvort vel væri hugsað um börn á Íslandi ($F(1, 366)=7,823, p<0,01$). Í kjölfarið voru áhrif kyns sérfræðings á viðhorf greind í sitthvori lagi fyrir karlkyns og kvenkyns svarendur. Í ljós kom að kyn sérfræðingsins skipti ekki máli fyrir karla ($p=0,273$). Aftur á móti hafði kyn sérfræðingsins mótandi áhrif á viðhorf kvenna ($p<0,01$). Kvenkyns svarendur urðu fyrir meiri áhrifum af viðhorfum sérfræðingsins ef sérfræðingurinn var kona. Tilgátan um að staðhæfingar kvenkyns barnalæknis hafi meiri áhrif á viðhorf en staðhæfingar karlkyns barnalæknis stenst því einungis fyrir kvenkyns svarendur. Mynd 5 sýnir samvirkniáhrifin. Meðaltal kvenna var hærri (4,20) ef þær lásu viðtal við kvenkyns barnalækni en ef þær lásu viðtal við karlkyns barnalækni (3,82).


Mynd 5. Meðalskor eftir kyni ráðgjafa og svarenda: Almennt er vel hugsað um börn á Íslandi



Þegar kannað var hvort viðhorf svarenda til fjármála samræmdust viðhorfum fjármálaráðgjafans var fyrst spurt hvort banna ætti verðtryggingu lána á Íslandi, en í viðtalinu hafði fjármálaráðgjafinn lýst jákvæðri afstöðu sinni til verðtryggðra lána. Niðurstöður fjölbreytu dreifigreiningar sýndu að munur


var á afstöðu svarenda eftir því hvort þeir lásu viðtalið við karkyns eða kvenkyns fjármálaráðgjafa ($F(1, 364)=10,662, p<0,05$). Þannig virðist sem fullyrðingar fjármálaráðgjafans hafi mótað skoðanir fólks á banni við verðtryggðum lánum og að kyn ráðgjafans hafi haft áhrif þar á. Ef þátttakendur lásu viðtal við kvenkyns ráðgjafa voru þeir síður á þeirri skoðun að það ætti að banna verðtryggð lán ($M=2,92, S_f=1,26$) en ef þeir lásu viðtal við karlráðgjafa ($M=3,33, S_f=1,26$). Þessar niðurstöður benda til þess að sannfæringakraftur kvenkyns fjármálaráðgjafans hafi verið meiri en karlráðgjafans (sjá mynd 6). Þetta er öfugt við það sem búist var við og því ber að hafna tilgátu 4 um að staðhæfingar karlkyns sérfræðings á sviði fjármála hafi meiri áhrif á viðhorf fólks en staðhæfingar kvenna. Kyn svarenda tengdist ekki viðhorfum til þess hvort banna ætti verðtryggð lán ($F(1, 364)=0,479, p=0,489$).

Mynd 6. Meðalskor eftir kyni ráðgjafa og svaranda: Það ætti að banna verðtryggingu lána á Íslandi



Síðari spurningin um lán snerist um hvort verðtryggð lán væru dýrari en óverðtryggð til lengri tíma litið. Fjölbreytu dreifigreining sýndi að megináhrif kyns fjármálaráðgjafa á viðhorf voru tölfræðilega marktæk ($F(1, 359)=15,312, p<0,001$). Þátttakendur sem lásu viðtal við kvenkyns ráðgjafa ($M=3,33, S_f=1,20$) voru síður á þeirri skoðun en þeir sem lásu viðtalið við karlráðgjafann ($M=3,77, S_f=1,05$) að verðtryggð lán væru dýrari en óverðtryggð (sjá mynd 7). Þannig virðist sannfæringakraftur kvenráðgjafans hafa verið meiri, sem rennir frekari stoðum undir það að hafna beri tilgátu 4 sem gerði ráð fyrir að staðhæfingar karlkyns ráðgjafans myndu hafa meiri áhrif á viðhorf en staðhæfingar kvenráðgjafans. Megináhrif kyns svarenda voru marktæk ($F(1, 359)=4,993, p<0,005$) sem birtist í því að karlar voru frekar á þeirri skoðun en konur að verðtryggð lán væru dýrari en óverðtryggð lán. Ekki reyndust vera marktæk samvirkniáhrif kyns fjármálaráðgjafa og kyns svaranda á viðhorf ($F(1, 359)=2,925, p=0,088$).

Mynd 7. Meðalskor eftir kyni ráðgjafa og svaranda: Verðtryggð lán eru dýrari en óverðtryggð þegar til lengri tíma er litið



Umræða og ályktanir

Kenningar um félagsleg hlutverk og væntingar kveða á um að sýnileiki kynja í mismunandi störfum og hlutverkum skilyrði hugmyndir um hæfni karla og kvenna til að sinna þeim. Kenningarnar gefa til kynna að þeim mun jafnari sem kynjadreifing er í samfélagslegum hlutverkum þeim mun ólíkleggra að hæfni einstaklinga til að sinna þeim byggji á kyni þeirra. Í ljósi kenninga töldum við líklegt að ef Íslendingar meti hæfni á grundvelli kyns þá sé það á sviðum þar sem kynbundin hlutverk eru hvað skýrust og því völdum við að fá þátttakendur til að meta hæfni sérfræðinga annars vegar á sviði aðbúnaðar barna og hins vegar á sviði fjármála.

Tilgátan um að kvenkyns sérfræðingur á sviði aðbúnaðar barna væri metinn hæfari en karl stóðst ekki. Þátttakendur voru beðnir um að meta hæfni barnalæknis sem setti fram nokkuð umdeildar fullyrðingar um aðbúnað barna en niðurstöður benda til þess að kyn læknisins skipti ekki máli fyrir mat á hæfni viðkomandi. Samskonar niðurstöður komu í ljós þegar kannað var hvort kyn fjármálaráðgjafa skipti máli fyrir mat á hæfni viðkomandi. Þar sem fjármál hafa sögulega séð verið umfjöllunarefni karla, var búist við því að karlkyns fjármálaráðgjafi yrði metinn hæfari en kona en niðurstöður sýndu enga tilhneigingu í þá átt. Kenningin um væntingar (Correll og Ridgeway, 2003; Ridgeway, 2014) leggur áherslu á að staðalímyndir um hæfni kynjanna til að gegna ólíkum störfum móti væntingar fólks til sjálfs síns og annarra. Niðurstöðurnar gætu bent til þess að Íslendingar meti karkyns og kvenkyns sérfræðinga innan fjármálageirans og á sviði barnaumhyggju á svipaðan hátt, enda eru Íslendingar orðnir vanir því að fjármálaráðgjafar geti verið konur ekki síður en karlar og að sjá bæði karla og konur í hlutverki barnalækna.

Í tilrauninni var einnig kannað hvort sérfræðingunum tækist að móta viðhorf þeirra sem lásu fullyrðingar sérfræðinganna. Búist var við því að kvenkyns barnalækni tækist betur en karllækni að sannfæra lesendur um réttmæti fullyrðinga um góðan aðbúnað barna og að karlkyns fjármálaráðgjafa tækist frekar að sannfæra lesendur um ágæti verðtryggðra lána en kvenráðgjafa. Í ljós kom að sérfræðingunum tókst að móta viðhorf lesenda en niðurstöður voru þó á aðra leið en búist var við. Kvenkyns læknir mótaði viðhorf kvenkyns lesenda en ekki karla. Þá höfðu staðhæfingar kvenkyns fjármálaráðgjafa meiri áhrif á viðhorf fólks en staðhæfingar karlráðgjafa, öfugt við það sem búist var við.

Konur eru meginumönnunaraðilar barna fyrsta æviárið (sjá t.d. Ásdís A. Arnalds o.fl., 2021). Það má því gera ráð fyrir því að þær séu frekar í því hlutverki en karlar að fara með ung börn sín til læknis. Þær kunna því að vera vanar því að fylgja ráðum kvenkyns sérfræðinga á sviði aðbúnaðar barna sem mögulega gæti útskýrt hvers vegna kvenlækninum tókst að móta skoðanir kvenna en ekki

karla. Erfiðara er að skýra sannfæringakraft kvenkyns fjármálaráðgjafans. Möguleg skýring er að konur taka minni áhættu í fjármálum en karlar (Dohmen o.fl., 2011) og því má vera að þeim sé betur treyst til að veita ráð um fjármál. Það er því hugsanlegt að staðalmyndir um eiginleika kvenna geti skýrt niðurstöður að einhverju leyti.

Niðurstöður rannsóknarinnar komu nokkuð á óvart og vera má að ef starfsheiti sérfræðinganna hefði verið annað, hefðu niðurstöður verið á annan veg. Nokkuð algengt er að sjá konur og karla hérlandis í starfi barnalæknis og fjármálaráðgjafa. Þannig má velta því upp hvort kynbundin mæling á hæfni sérfræðings á sviði aðbúnaðar barna hefði frekar átt að vera bundin við starfsheiti þar sem konur eru í meirihluta. Einnig má velta því fyrir sér hvort það hefði breytt niðurstöðum ef sérfræðingurinn í fjármálum væri verðbréfamiðlari í stað fjármálaráðgjafa, þar sem sjaldgæfara að sjá konur í hlutverki verðbréfamiðlara en fjármálaráðgjafa.

Sá möguleiki er fyrir hendi að áhersla á jafnrétti kynjanna á Norðurlöndum og almenn breikkun á möguleikum karla og kvenna til að gegna mismunandi hlutverkum valdi því að lítill munur sé hérlandis á mati á hæfi sérfræðinga eftir kyni þeirra. Í samræmi við það hafa birst tilraunaniðurstöður frá Norðurlöndum sem benda til þess að hæfni sé ekki metin á grundvelli kyns (Carlsson o.fl., 2020; Greve-Poulsen o.fl., 2021). Ef halda á því fram að kyn sérfræðinga skipti ekki máli fyrir mat á hæfni þeirra, þyrfti þó að skoða fleiri starfsheiti og beita fleiri aðferðum. Niðurstöður okkar rannsóknar kalla því á frekari rannsóknir á viðhorfum til karla og kvenna sem gegna mismunandi stöðum í samfélaginu en styðja að mestu leyti við þá hugmynd að Ísland (og norrænu löndin) þokist í átt að samfélagi þar sem kyn er ekki mikilvæg breyta þegar lagt er mat á getu og hæfni einstaklinga til að sinna ákveðnum störfum.

Heimildaskrá

- Auður Arna Arnardóttir og Þröstur Olaf Sigurjónsson. (2022). Áhrif kynjakvóta á stjórnarbrag að mati stjórnarmanna. *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*, 19(1), 75-93. <https://doi.org/10.24122/tve.a.2022.19.1.4>
- Arion banki. (e.d.). *Vertu með! Konur fjárfestum*. <https://www.arionbanki.is/konur/>
- Arnalds, Á. A. og Duvander, A-Z. (2023). Arranging childcare in two Nordic countries. A comparison of ECEC start in Iceland and Sweden. *Journal of Family Research*, 35, 471-488. <https://doi.org/10.20377/jfr-896>
- Ásdís A. Arnalds, Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason. (2021). Fæðingar- og foreldraorlof: Aðdragandi, breytingar og árangur laga sem er ætlað að stuðla að orlofstöku beggja foreldra. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 17(2) 235-260. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2021.17.2.5>
- Berger, J., Cohen, B. P. og Zelditch Jr, M. (1972). Status characteristics and social interaction. *American sociological review*, 241-255. <https://doi.org/10.2307/2093465>
- Carlsson, M., Finseraas, H., Midtbøen, A. H. og Rafnsdóttir, G. L. (2020). Gender bias in academic recruitment? Evidence from a survey experiment in the Nordic Region. *European Sociological Review*. <https://doi.org/10.1093/esr/jcaa050>
- Correll, S. J. og Ridgeway, C. L. (2003). Expectation states theory. Í Delamater, J. (ritstj.), *Handbook of Social Psychology* (bls. 29-51). Kluwer Academic/Plenum Publishers.
- Dohmen, T., Falk, A., Huffman, D., Sunde, U., Schupp, J. og Wagner, G. G. (2011). Individual risk attitudes: Measurement, determinants, and behavioral consequences. *Journal of European Economic Association*, 9(3), 522-550. <https://doi.org/10.1111/j.1542-4774.2011.01015.x>
- Eagly, A. H. og Karau, S. J. (2002). Role congruity theory of prejudice toward female leaders. *Psychological review*, 109(3), 573. <https://doi.org/10.1037/0033-295X.109.3.573>
- Eagly, A. H. og Wood, W. (2012). Social role theory. Í P. A. M Van Lange, A. W. Kruglanski og E. T. Higgins (ritstj.), *Handbook of theories of social psychology* (bls. 458-476). Sage.
- Einarsdóttir, Þ. J. (2020). All that glitters is not gold: Shrinking and bending gender equality in rankings and nation branding. *NORA-Nordic Journal of Feminist and Gender Research*, 28(2), 140-152. <https://doi.org/10.1080/08038740.2020.1745884>
- Greve-Poulsen, K., Larsen, F. K., Pedersen, R. T. og Albæk, E. (2021). No gender bias in audience perceptions of male and female experts in the news: Equally competent and persuasive. *The International Journal of Press/Politics*. 28(1), 116-137. <https://doi.org/10.1177/19401612211025499>
- Guðný Gústavsdóttir og Ævar Þórólfsson (2022). *Áhrif kyns og aldurs á ráðningu millistjórnenda á íslenskum vinnu-markaði*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hagstofa Íslands (2022). *Konur 35% stjórnarmanna í fyrirtækjum með 50 launamenn eða fleiri*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/fyrirtaeki/stjornir-fyrirtaekja/>
- Hagstofa Íslands (e.d.). *Talnaefni – Félagsmál, konur og karlar*. <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/felagsmal/konur-og-karlar/>
- Ingólfssdóttir, E. S. og Gíslason, I. V. (2016). Gendered solutions to the care gap issue in Iceland. *NORA - Nordic Journal of Feminist and Gender Research* 24(4), 220-233. <https://doi.org/10.1080/08038740.2016.1241826>
- Jón Snorri Snorrason. (2012). Yfirlit um stöðu og áhrif jafnari kynjahlutfalla við stjórnun og í stjórnnum fyrirtækja. *Stjórn-*

- mál og stjórnsýsla*, 1, 8(1), 93-107. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2012.8.1.4>
- Júliúsdóttir, Ó. (2019). Time, love and organisational culture: Gender disparity in business leadership in Iceland (Doctoral Dissertation). University of Iceland, Reykjavík. University Press.
- Knobloch-Westerwick, S., Glynn, C. J. og Huge, M. (2013). The matilda effect in science communication: An experiment on gender bias in publication quality perceptions and collaboration interest. *Science Communication* 35(5): 603–25. <https://doi.org/10.1177/1075547012472684>
- Koenig, A. M. og Eagly, A. H. (2014). Evidence for the social role theory of stereotype content: Observations of groups' roles shape stereotypes. *Journal of Personality and Social Psychology*, 107(3), 371–392. <https://doi.org/10.1037/a0037215>
- Larsen, A. T. (2006). *En slags mandiner; En analyse af køn og arbejde i Danmark 1950-1989*. SFAHs skrifteserie nr. 44.
- Loftsdóttir, K. (2015). Vikings invade present day Iceland. Í P. Durrenberger og Gísli Pálsson (ritstj.), *Gambling debt: Iceland's rise and fall in the global economy* (bls. 3-14). University Press of Colorado.
- MacNell, L., Driscoll, A. og Hunt, A. N. (2015). What's in a name: Exposing gender bias in student ratings of teaching. *Innovative Higher Education* 40(4), 291–303. <https://doi.org/10.1007/s10755-014-9313-4>
- Neumark, D. (2018). Experimental research on labor market discrimination. *Journal of Economic Literature*, 56, 799–866. <https://doi.org/10.1257/jel.20161309>
- Rich, J. (2014). What do field experiments of discrimination in markets tell us? A meta analysis of studies conducted since 2000. *IZA DP No. 8584*. <https://www.iza.org/publications/dp/8584/what-do-field-experiments-of-discrimination-in-markets-tell-us-a-meta-analysis-of-studies-conducted-since-2000>
- Ridgeway, C. L. (2014). Why status matters for inequality. *American sociological review*, 79(1), 1-16. <https://doi.org/10.1177/0003122413515997>
- Ridgeway, C. og England, P. (2007). Sociological approaches to sex discrimination in employment. Í F. J. Crosby, M. S. Stockdale og S. A. Ropp (ritstj.), *Sex Discrimination in the Workplace* (bls. 217-241). The Guilford Press.
- Stjórnarráðið. (2022). *Kortlagning kynjasjónarmiða – Stöðuskýrsla 2022*. Forsætisráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið. https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/_Kortlagning_kynjasjonarmida_vefur.pdf
- Vilhjálmssdóttir, G. (2008). Career guidance and habitus – The value of Bourdieu's concept of habitus in career guidance research and practice. *Career Research and Development*, 19, 4–11. <https://doi.org/10.20856/jnicec.1902>
- Witteman, H. O., Hendricks, M., Straus, S. og Tannenbaum, C. (2019). Are gender gaps due to evaluations of the applicant or the science? A natural experiment at a national funding agency. *The Lancet*, 393, 531–40. [https://doi.org/10.1016/S0140-6736\(18\)32611-4](https://doi.org/10.1016/S0140-6736(18)32611-4)
- World Economic Forum (2023). *The global gender gap report 2023*. World Economic Forum. <https://www.weforum.org/reports/global-gender-gap-report-2022#report-nav>

Um höfunda

ÁSDÍS A. ARNALDS (aaa@hi.is) er lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands árið 2020.

INGÓLFUR V. GÍSLASON (ivg@hi.is) er prófessor við Félagsfræði-, mannfræði og þjóðfræðideild Háskóla Íslands. Hann lauk doktorsprófi í félagsfræði frá Lundarháskóla í Svíþjóð árið 1990.

Viðauki

Viðtölin tvö

Barnalæknir

Vegna umræðna um aðbúnað lítilla barna leitaði blaðamaður til [Skúla Magnússonar/Hildar Magnúsdóttur] barnalæknis og spurði [hann/hana] hvernig við búum að nýjum Íslendingum.

Við gerum það bara skínandi vel. Ein ástæða er auðvitað, að hérlandis er tiltölulega gott aðgengi að getnaðarvörnum og þungunarrofi, þannig að hér fæðast ekki mörg börn sem eru óvelkomin. Og það er einfaldlega þannig að aðbúnaður barna er almennt betri ef þau eru velkomin í þennan heim. Við getum að vísu gert enn betur, smokkar ættu að vera ókeypis og auka þarf aðgengi ungra stúlkna að pillunni. Síðasta breyting á lögum um þungunarrof var líka mjög jákvæð en e.t.v. mætti ganga enn lengra. Við sjáum reyndar að þungunarrofum fjölgaði ekkert eftir að rétturinn var rýmkaður árið 2019 en lagabreytingin fól í sér mikilvæg skilaboð um rétt kvenna til eigin líkama.

En hvað með börnin sem fæðast, er aðbúnaður þeirra góður?

Við erum náttúrliga í toppi þar. Hér er ungarnadaudi langminnstur í heiminum. Það stafar bæði af frábærri heilbrigðisþjónustu og svo þeim góðu möguleikum sem foreldrar hafa til að vera heima með börnunum fyrstu mánuðina. Síðan er það að vísu töluverður galli að ekki skuli vera leikskólarými fyrir öll börn þegar þau eru orðin eins árs. Það er mikilvægt að börn séu á leikskólum því starfsfólkið þar uppgötvar oft fyrr en foreldrarnir þroskafrávik eða heyrnar- eða sjóngalla, auk þess auðvitað að sjá ef aðbúnaður barnsins er með öðrum hætti en ætti að vera. Þess vegna ætti frekar að reyna að koma börnum fyrr inn á leikskóla en að lengja fæðingarorlofið.

En nú hefur því verið haldið fram að fæðingarorlof mæðra þurfi að vera lengra vegna brjóstagjafar.

Já og vitnað í Alþjóða heilbrigðismálastofnunina því til stuðnings, en málið er að þessar ráðleggingar miða við samfélög þar sem heilbrigðisþjónusta er léleg og vatn er svo mengað að neysla er varasöm. Ef þú skoðar heilsufar fimm ára barna á Íslandi, alveg sama hver mælikvarðinn er, þá gætirðu ekki sagt hvaða börn hefðu verið á brjósti og hvaða börn hefðu alfarið verið með pela, ekki séns. Ég held að það sé svo sem ágætt að börn séu á brjósti fyrstu mánuðina en langflestir íslenskir foreldrar eru komin með börnin á annað fæði, eingöngu eða að stærstum hluta, áður en þau ná sex mánaða aldri. Börn eru einfaldlega svo stór og kröftug að þau þurfa meira en það sem móðurmjólkin getur gefið.

Fjármálaráðgjafi

Aukin verðbólga veldur almenningi miklum áhyggjum og fólk spyr hvernig það geti verndað sig fyrir afleiðingum hennar. Til þess að aðstoða við þá umræðu höfum við fengið [Guðmund Árnason/Guðrúnu Árnadóttur] MBA, fjármálaráðgjafa til samtals. [Guðmundur/Guðrún], hvaða almennu ráð getur þú gefið fólki sem óttast afleiðingar verðbólgunnar?

Fyrst og fremst að taka engar skyndiákvarðanir. Svo virðist sem harkalegar ráðstafanir Seðlabankans séu farnar að skila árangri. Ég held að það sé nokkuð borðleggjandi að bankinn muni til lengri tíma litið ná að halda verðbólgunni innan sinna markmiða. En síðan má huga að því að draga úr útgjöldum. Að greiða niður lán er svo auðvitað ein besta leiðin til að takast á við afleiðingar verðbólgunnar til lengri tíma. Það má til dæmis taka peningana sem ætlaðir voru til utanlandsferðar í sumar og nota þá í niðurgreiðslu á lánum. Eða sleppa áskrift að einhverri sjónvarpsstöð eða leikhúsi og nota peninga frekar í niðurgreiðslur. Ég mæli ekki með því að fólk rjúki til og fari að breyta óverðtryggðum lánum í verðtryggð, því fylgir kostnaður sem betra væri að nýta í niðurgreiðslu. Fyrir lántaka mæli ég þó endilega með að taka langt verðtryggt lán. Það er enginn vafi á að slíkt lán er mun heppilegra fyrir fjölskyldur heldur en óverðtryggð lán. Sérstaklega á það auðvitað við um húsnæðislán.

En nú hafa margir horn í síðu verðtryggðra lána?

Já það er óskaplegur popúlismi í gangi í kringum þetta. En ef að við hugsum okkur t.d. að tekið sé 50 milljóna krónu lán í dag til 40 ára og við miðum við eðlilegt vaxtastig og verðbólgu markmið Seðlabankans þá sjáum við að endurgreiðsla verður um 90 milljónir af verðtryggðu láni. Ef hins vegar væri um að ræða óverðtryggt lán með breytilegum 5 prósentu vöxtum þá yrði heildar endurgreiðslan 126 milljónir. Svo þetta er nú nokkuð borðleggjandi. Það má margt skemmtilegt gera fyrir 36 milljónir!

Hvað með hlutabréf?

Það fer eftir því hvernig hlutabréf við erum að tala um. Það er ástæðulaust að rjúka til og selja bréf sem ætla má að muni styrkjast til lengri tíma litið. T.d. ætti fólk alls ekki að selja bréf í bönkum eða lyfjafyrirtækjum, þau eiga bara eftir að hækka í verði. Líklega á það sama við um bréf í útgerðar-fyrirtækjum, það virðist ekki ástæða til að óttast að neitt verði þrengt að þeim með frekari veiðigjöldum eða slíku. Þannig að ekki selja slík bréf, frekar kaupa ef færi er á. Orkufyrirtæki eru meiri spurning, líklegt að bréf í þeim eigi eftir að hækka en það fer svolítið eftir því hvað gengið verður langt í þessari „grænvæðingu“ allrar tilverunnar. En þegar á heildina litið eru slík bréf trygg.

Þú virðist horfa björtum augum til framtíðar.

Já, já. Það eru erfiðleikar eins og er en það hafa áður verið erfiðleikar og við komist á réttan kjöl. Engin ástæða til að ætla að svo verði ekki aftur núna.